

Heimsóknir 1. bekkinga í Rimaskóla á leikskólana:

Miðvikudaginn 2. nóv. kl. 10.00-11:00 munu nemendur í 1. bekk í Rimaskóla heimsækja leikskólana. Reynt verður að skipta nemendum upp í hópa eftir því á hvaða leikskóla þeir voru sl. vetur. Þannig fá flestir að heimsækja sinn gamla leikskóla.

Samskipti 4 bekkinga í Rimaskóla og skólahópanna á leikskólunum:


Nemendur í 4. bekk í Rimaskóla munu taka að sér hlutverk „verndara“ leikskólanemenda sem eru í skólahópum. Myndast hefur hefð fyrir því að 4. bekkingar heimsæki leikskólana á Degi íslenskrar tungu. Í Rimaskóla eru tveir 4. bekkir í vetur og munu þeir skipta sér niður á leikskólana þrjá. Einnig munu skólahóparnir í leikskólunum hitta 4. bekkinga á bókasafni skólans.

- ◆ 4. bekkur tekur á móti leikskólabörnum á bókasafni Rimaskóla.
- ◆ 4. bekkur fer í heimsókn á leikskólana miðvikudaginn **16. nóvember kl. 10:00** í tilefni af Degi íslenskrar tungu. Nemendur segja frá Jónasi Hallgrímssyni og syngja nokkur lög við texta Jónasar.

Á skólaárinu 2016-2017 geta fleiri tækifæri gefist til að efla samstarfið. Leikskólarnir munu í þeim tilfellum hafa samband við Bjarneyju Bjarnadóttur, umsjónarkennara í 2. bekk. Netfang: bjbj50@rvkskolar.is

Tengiliðir elstu nemenda á leikskólunum skólaárið 2016-2017 eru:

Fífuborg:
Laufskálar:
Lyngheimar:



Samstarf Rimaskóla og leikskólanna Fífuborgar, Laufskála og Lyngheima skólaárið 2016-2017



Rimaskóli s. 411-7720
Fífuborg s. 587-4515
Laufskálar s. 587-1140
Lyngheimar s. 567-0277

Samstarf Rimaskóla og leikskólanna Fífuborgar, Laufskála og Lyngheima

Í stefnumörkun Skóla- og frístundaráðs er gert ráð fyrir samstarfi leikskóla og grunnskóla sem eru með nemendur á yngsta stigi.

Markmið þessa samstarfs er:

- að auka samskipti og samvinnu þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastigi yfir á grunnskólastig.
- að draga úr kvíða leikskólanema sem oft fylgir því að hefja skólagöngu í grunnskóla
- að efla vitund kennara beggja skólastiga um starf hverra annarra.

Samstarfssamningur Rimaskóla og leikskólanna Fífuborgar, Laufskála og Lyngheima byggir á því að leitast við að ná markmiðum samstarfsins með fundum fagfólks og gagnkvæmum heimsóknum.

Á skólaárinu 2016-2017 er stefnt að því að ná framangreindum markmiðum á margvíslegan hátt.

Fundur með stjórnendum samstarfsins:

Skólarnir efna til fundar í Rimaskóla að hausti. Á fundinn koma fulltrúar elstu nemenda á leikskólunum, leikskólastjórar, skólastjóri Rimaskóla og umsjónarmaður samstarfsverkefnisins. Á fundinum er rætt hvernig samstarfinu á komandi vetri verði best háttað, dagsetningar viðburða o.fl.

Leikskólaheimsóknir í Rimaskóla 2016-2017:

	<i>Bókasafn</i>	<i>Dans</i>	<i>Föstudagsfjör</i>	<i>Íþróttir</i>	<i>Bekkjaheimsókn í 1. bekk</i>	<i>Skoðunarferð um skólann</i>
Fífuborg	19.október kl.8:50-9:30	27.janúar kl.9:45-10:25	9.desember kl.8:30	10.nóvember kl.11:20-12:00	29.mars kl.9:45-10:25	Í byrjun maí
Laufskálar	26.október kl.8:50-9:30	20.janúar kl.9:45-10:25	10.febrúar kl.8:30	17.nóvember kl.11:20-12:00	29.mars kl.9:45-10:25	Í byrjun maí
Lyngheimar	2.nóvember kl.8:50-9:30	27.janúar kl.12.40-13.20	7.apríl kl.8:30	24.nóvember kl.11:20-12:00	29.mars kl.9.45-10:25	Í byrjun maí

Í byrjun júnímánaðar heimsækja fulltrúar frá Rimaskóla leikskólana og ráðfæra sig við leikskólastjóra/kennara varðandi stöðu nemenda, skiptingu í bekkir o.fl. á komandi vetri.

Skólahópar - heimsóknir í Rimaskóla:

Skólahópar leikskólanna þriggja munu heimsækja Rimaskóla, skv. skipulagi sem skólarnir koma sér saman um. Heimsóknirnar standa yfir í u.þ.b. 40 mínútur. Einnig munu skólahóparnir fara í heimsókn í Tígrisbæ, frístundaheimili. Leikskólarnir geta af eigin frumkvæði heimsótt Rimaskóla oft. Rimaskóli mun greiða götu slíkra heimsókna, enda verði þær tilkynntar með góðum fyrirvara.

Föstudagsfjör:

Skólahópum leikskólanna er boðið að koma og horfa á **Föstudagsfjör**

1. bekkja í Rimaskóla. Skemmtunin er haldin á sal skólans og stendur yfir í u.þ.b. 20 mínútur. Gott er að vera komin tímanlega. Dagsetningar á Föstudagsfjörum eru í töflunni.

